

Fimmtudaginn 14. nóvember 1996.

Nr. 416/1995.

Óskar Ingibersson

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Erni Hólm

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Sjómenn. Uppsögn. Geymslugreiðsla. Frávísun máls að hluta frá héraðsdómi. Málsástæður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1995 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir héraðsdómi var endanleg krafa stefnda sú, að áfrýjanda yrði gert að greiða sér 471.256 krónur með nánar tilgreindum vöxtum. Kröfu þessa sundurliðaði stefndi þannig, að í fyrsta lagi væri um að ræða vangreiddan aflahlut, 37.460 krónur, vegna starfa sinna á skipi í eigu áfrýjanda og sona hans, Albert Ólafssyni, HF 39, í veiðiferðum frá 26. júlí til 24. ágúst 1993. Í öðru lagi krafðist stefndi kaupgreiðslu í uppsagnarfresti fyrir tímabilið frá byrjun febrúar til 9. mars 1994, að fjárhæð 316.126 krónur. Í þriðja lagi krafðist stefndi greiðslu á 117.670 krónum vegna vangreidds aflahlutar í nóvember og desember 1993. Í héraðsdómi voru þessar kröfur teknar í heild til greina, en um fjárhæðir einstakra kröfuliða var ekki ágreiningur.

II.

Áfrýjandi viðurkennir kröfu stefnda um 37.460 krónur vegna vangreidds aflahlutar frá júlí og ágúst 1993. Hann krefst hins vegar sýknu af kröfunni á þeirri forsendu, að hann hafi innt af hendi þessa fjárhæð ásamt dráttarvöxtum frá 14. september 1993 með geymslu-

greiðslu á reikning við Landsbanka Íslands 9. desember 1994, samtals 44.915 krónur.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á, að fullnægt hafi verið skilyrðum 1. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé, til að áfrýjandi gæti losnað undan greiðsluskyldu sinni við stefnda með þessum hætti. Verður áfrýjandi því dæmdur til að greiða þennan lið í kröfum stefnda.

III.

Áfrýjandi sagði stefnda upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara í bréfi, sem er óumdeilt, að hafi borist honum 9. desember 1993. Stefndi starfaði áfram á skipi áfrýjanda og sona hans, þar til verkfall sjómanna hófst í byrjun árs 1994, og fékk greidd þau laun, sem hann átti rétt til í uppsagnarfrestinum, til loka janúar á því ári. Áfrýjandi telur stefnda hins vegar hafa glatað rétti til frekari launa í uppsagnarfresti, þar sem hann hafi ekki sinnt kalli um að koma til skips í veiðiferð, sem hófst 15. janúar 1994.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá staðhæfingum aðila um sáttal, sem skipstjóri á umræddu skipi átti við stefnda síðastgreindan dag og áfrýjandi telur hafa falið í sér kvaðningu til stefnda um að koma til skips. Framburður skipstjóra fyrir héraðsdómi um þetta samtal er ekki svo afdráttarlaus, að unnt sé að treysta því, að hann hafi þar kvatt stefnda með nægilega skýrum hætti til starfa á ákveðnum tíma, sbr. 59. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Verður stefndi því ekki látinn bera hallann af fjarvist sinni, en óumdeilt er, að áfrýjandi lét ekki kveðja hann að nýju til starfa síðar á uppsagnarfresti hans. Þessi kröfuliður stefnda verður því tekinn að fullu til greina með 316.126 krónum.

IV.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi greint svo frá atvikum að baki kröfu sinni vegna vangreidds aflahlutar í nóvember og desember 1993, að á þessu tímabili hafi áfrýjandi reiknað aflahlutinn eftir fiskverði, sem lagt hafi verið til grundvallar í samningi 14. október sama ár milli útgerðar umrædds skips og Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar, einkafirma áfrýjanda, um kaup þess á þorskafla skipsins. Hafi þar verið samið um fast verð, 60 krónur fyrir hvert kíló af

porski, með tiltekinni viðbót eða frádrætti, ef vikið yrði frá ákveðinni meðalþyngd fisks. Afli frá þessu tímabili hafi hins vegar í reynd verið seldur á fiskmarkaði fyrir mun hærra verð en aflahlutur stefnda var reiknaður eftir. Samkvæmt því krefst stefndi þess, að áfrýjanda verði gert að greiða viðbót við aflahlutinn af þeim mismun, sem var annars vegar á söluverði aflans á fiskmarkaði og hins vegar á verðmæti hans samkvæmt fyrrgreindum samningi frá 14. október 1993, en óumdeilt er, að aflahluti handa stefnda af þeim mismun næmi 117.670 krónum, sem er fjárhæð þessa kröfuliðar hans.

Krafan, sem hér um ræðir, var fyrst höfð uppi í framhaldssök í héraði. Í framhaldsstefnu kvað stefndi kröfuna komna til af því, að áfrýjandi hefði skotið undan hlutaskiptum nokkru af afla umrædds skips í nóvember og desember 1993 og selt hann á fiskmarkaði í nafni Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar fyrir 10.516.566 krónur. Taldi stefndi aflahlut sinn af þeirri fjárhæð nema 319.801 krónu, sem hann krafðist að fá greidda í framhaldssökinni. Í skriflegri kröfugerð, sem stefndi lagði fram við aðalmeðferð málsins í héraði 2. júní 1995, lækkaði hann þennan lið í kröfum sínum í 305.880 krónur. Skýrði hann þá breytingu þannig, að hluti upphaflegu kröfunnar ætti rætur að rekja til verðmætis afla í veiðiferð, þar sem hann var í launalausum leyfi. Þegar málið var síðan flutt öðru sinni í héraði 25. október 1995, lækkaði stefndi enn kröfu sína í 117.670 krónur. Í gögnum málsins er ekki getið um atvikin að baki þessari breyttu kröfugerð stefnda, en af hinum áfrýjaða dómi virðist mega ráða, að stefndi hafi ekki lýst atvikunum að öllu leyti eins og hann gerir nú fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti styður stefndi þennan lið í kröfum sínum þeirri málsástæðu, að fyrrgreindur samningur frá 14. október 1993 hafi verið gerður til málamynda, enda hafi áfrýjandi verið að semja þar við sjálfan sig um kaup og sölu afla til að lækka skiptaverðmæti hans til hlutaskipta frá því, sem áfrýjandi hafi í reynd fengið fyrir aflann á fiskmarkaði. Virðist stefndi þannig miða við, að virða eigi umræddan samning að vettugi af þessum sökum og að ákveða eigi aflahlut sinn af raunverulegu söluverði aflans. Um málatilbúnað stefnda að þessu leyti er til þess að líta, að í framhaldsstefnu í héraði kvaðst hann reisa þessa kröfu „á sömu málsástæðum og fram

koma í frumstefnu málsins“. Þær málsástæður lutu að engu leyti að því, sem að framan greinir. Er að auki vandséð, á hvaða málsástæðum stefndi reisti þessa kröfu endanlega fyrir héraðsdómi. Þá hefur stefndi ekki hnekkt þeirri staðhæfingu áfrýjanda, sem fram kom við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, að aldrei hafi verið farið að því í héraði, að umræddur samningur hafi verið gerður til málamynda.

Eins og að framan greinir, hafa kröfur stefnda í þessum þætti málsins verið mjög á reiki svo og grundvöllur þeirra og lýsing stefnda á atvikum að baki þeim. Í reynd voru engar málsástæður eða röksemdir færðar fyrir kröfunum framan af rekstri málsins í héraði, og hafa þær síðan verið óljósar. Er málatilbúnaður stefnda að þessu leyti í slíkri andstöðu við d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og meginreglu þeirra laga um skýran og afdráttarlausan málflutning, að vísa ber þessum lið í kröfum hans sjálfkrafa frá héraðsdómi.

V.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda samtals 353.586 krónur með dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Þá verður áfrýjanda einnig gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem segir í dómsorði, en við ákvörðun fjárhæðar hans er litið til þess, sem fram kemur í niðurlagi hins áfrýjaða dóms um annmarka á málatilbúnaði lögmanns stefnda í héraði, auk þess, að hluta af kröfum stefnda er samkvæmt áðurgreindu vísað nú frá dómi.

Athuga ber, að héraðsdómari hefur í skýrslutökum ranglega litið á syni áfrýjanda sem aðila þessa máls og greint þannig frá framburði þeirra í hinum áfrýjaða dómi. Þá var héraðsdómara jafnframt ástæðulaust að kveðja meðdómendur til setu í dómi með sér.

D ó m s o r ð:

Kröfum stefnda, Arnar Hólm, í framhaldssök í héraði er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Óskar Ingibersson, greiði stefnda 353.586 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987

af 37.460 krónum frá 14. september 1993 til 1. apríl 1994, en af 353.586 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 3. nóvember 1995.

Stefnandi máls þessa er Örn Hólm, kt. 220163-7849, Sunnubraut 21, Gerðahreppi. Stefnt er Óskari Ingiberssyni, kt. 010723-4939, Njarðargötu 7, Keflavík. Mál þetta var höfðað í tvennu lagi. Stefna í frumsök var út gefin 12. október 1994 og málið höfðað með birtingu hennar fyrir stefnda 24. október. Það var þingfest 9. nóvember 1994. Stefna í framhaldssök var út gefin 2. mars 1995 og málið að því leyti höfðað með birtingu stefnunnar fyrir stefnda 3. mars. Framhaldssök var þingfest 10. mars sl. Málið var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 2. júní 1995.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 21. júní 1995, var málinu vísað frá dómi. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, og með dómi, upp kveðnum 12. september 1995, hratt Hæstiréttur úrskurði héraðsdóms og vísaði málinu heim til löglegrar meðferðar. Hófst málsmeðferð að nýju fyrir héraðsdómi 6. október, og fór málflutningur fram í annað sinn 25. sama mánaðar, og var málið að honum loknum tekið til dóms.

Endanlegar dómkröfur stefnanda.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 471.256 kr. með dráttarvöxtum af 37.460 kr. frá 14. 9. 1993 til 1. 4. 1994, en af 471.256 kr. frá þeim degi til greiðsludags, en til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér lægri fjárhæðir að mati dómsins.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Endanlegar dómkröfur stefnda.

Þær eru, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Málsatvik og ágreiningur aðila.

Stefnandi var skráður skipverji á skipi stefnda, Albert Ólafssyni, HF-39, árið 1993 sem hér segir: frá 6. til 14. ágúst sem skipstjóri, frá 3. til 17. september sem stýrimaður, frá 17. til 30. september sem skipstjóri, frá 30. september til 14. október sem stýrimaður og frá 27. október til 31. desember sem stýrimaður.

Ágreiningsefni málsaðila eru þrenn:

1. Svo sem fram kemur í kröfulýsingu hér að framan, krefst stefnandi 37.460 kr. með dráttarvöxtum frá 14. september 1993. Krafan er gerð vegna þess, að stefnandi telur, að stefndi hafi ekki gert upp við stefnanda samkvæmt raunverulegu aflaverðmæti á tímabilinu 26. júlí til 24. ágúst 1993. Kröfuna reisir stefnandi á upplýsingum frá Fiskmarkaðinum í Hafnarfirði.

Stefndi hefur viðurkennt réttmæti þessarar kröfu. En hann krefst sýknu, þar sem hann hafi geymslugreitt fjárhæðina ásamt dráttarvöxtum 9. desember 1994, samtals 44.915 kr.

2. Stefndi sagði stefnanda upp störfum bréflega. Uppsagnarbréfið er dagsett 8. desember 1993. Í bréfinu er tekið fram, að uppsagnarfrestur skv. kjarasamningum og sjómannalögum sé þrír mánuðir, „og lýkur því starfstíma þínum hjá útgerðinni skv. því 8. mars 1994 nk.“.

Stefnandi heldur því fram, að uppsagnarfrestur byrji að líða þann dag, sem stefnandi fékk uppsagnarbréfið í hendur, en það var 9. desember, daginn eftir dagsetningu þess.

Stefnandi var lögskráður á skipið Albert Ólafsson til áramóta 1993-94. Þá eftir áramótin hófst sjómannaverkfall, er leystist 14. janúar. Hinn 15. janúar var stefnandi á sjó á öðrum bát, Bjarna, KE-23, sem þá var í u. þ. b. klukkustundarsiglingu út af Garðskaga. Skipstjórinn á Albert Ólafssyni, Karl Óskar Óskarsson, sonur stefnda, hringdi þá í stefnanda um borð í Bjarna um hádegisbil. Heldur stefnandi því fram, að hann hafi verið reiðubúinn að koma til skips, þegar er hann væri boðaður, en það hafi Karl skipstjóri ekki gert. Stefndi ber fyrir sig, að stefnandi hafi ekki komið til skips. Bjarni, KE, kom skv. skýrslu stefnanda að landi um kl. 16.30. Albert Ólafsson fór á sjó kl. um 22.30 að kvöldi 15. janúar.

Auk þess sem stefnandi fékk greitt kaup í uppsagnarfresti þann tíma, sem hann var lögskráður á skipið, þ. e. til áramóta 1993-94, var honum greitt kaup fyrir janúar 1994, 118.845 kr. Í málflutningi var af hálfu stefnda sagt, að þetta hefði verið fyrir misskilning. Stefnandi krefst nú launa í uppsagnarfresti fyrir febrúar og til 9. mars 1994, samtals 316.126 kr.

3. Í framhaldsstefnu er greint svo frá, að stefndi í máli þessu, Óskar Ingibersson, sé eigandi að Útgerðarfélaginu Óskar Ingibersson. Sama fyrirtæki sé eigandi og rekstraraðili vélbátsins Alberts Ólafssonar, HF-39. Sami aðili sé einnig eigandi fyrirtækis að nafni Fiskverkun Óskars Ingiberssonar.

Í framhaldsstefnu er því haldið fram, að hluta af afla skipsins Alberts Ólafssonar hafi verið skotið undan með þeim hætti, að hann hafi verið seldur á fiskmarkaði í nafni Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar, þótt honum hafi verið landað á fiskmarkaðinn beint upp úr skipinu. Í öðrum skjölum, fram lögðum af stefnanda, er sagt, að þetta hafi verið á tímabilinu 1. nóvember

til 31. desember 1993. Við aðalmeðferð féll lögmaður stefnanda frá þeirri málsástæðu, að um hefði verið að ræða undanskot á afla, en hélt því fram, að um undanskot á verðmæti hefði verið að ræða.

Stefndi hefur lagt fram skjal, sem ber yfirskriftina „Samningur um fast fiskverð“. Samningur þessi er dagsettur 14. október 1993. Í skjalinu segir, að útgerð Alberts Ólafssonar, KE-39 [nú HF-39], hafi komist að samkomulagi við Fiskverkun Óskars Ingiberssonar um föst viðskipti. Þessi föstu viðskipti felast í því, að fiskverkunin kaupir stóran þorsk (málfisk) á 60 krónur kílóíð miðað við meðalþyngdina 2,5 kg, en verðið skal hækka um eina krónu fyrir hverja 100 gramma aukningu á meðalþyngd og lækka að sama skapi við minnkandi meðalþyngd. Síðan segir orðrétt í samningi þessum: „Aðrar fisktegundir, svo sem ýsa, undirmálsýsa, undirmálsþorskur, steinbítur, langa, blálanga, ufsi, lúða og keila, á Fiskmarkaðinn í Hafnarfirði“. Þá segir, að samningurinn gildi frá 14. október til 31. desember 1993. Undir samninginn rita f. h. Alberts Ólafssonar, KE-39, Ingiber Óskarsson, sonur stefnda, og f. h. Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar stefndi þessa máls, Óskar Ingibersson.

Undir flutningi málsins 25. október sl. var bókað í þingbók: „Fram kemur, að stefnandi byggir hluta málsóknar sinnar á því, að Fiskverkun Óskars Ingiberssonar hafi keypt stóran þorsk af afla Alberts Ólafssonar á verðinu 60 pr. kg, sbr. dskj. nr. 46 [þ. e. samningur um fast fiskverð], og gert upp við áhöfnina á því verði, en síðan selt hluta þessa þorsks á Fiskmarkaðinn í Hafnarfirði á herra verði, sbr. það, sem dskj. 66 og 67 greina [þ. e. sundurliðun mismunandi uppgjors, sem fylgdi sundurliðun endanlegra krafna stefnanda], sbr. og dskj. nr. 30 [þ. e. yfirlitslistar Fiskmarkaðarins í Hafnarfirði yfir sölu Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar á markaðnum í október, nóvember og desember 1993]. Um þetta er ekki ágreiningur.“

Endanleg krafa stefnanda í þessum þætti málsins er 117.670 kr.

Málsástæður og lagarök aðila.

Að því er varðar kröfu stefnanda um greiðslu á 37.460 kr., segir í stefnu í frumsök, að málsóknin miðist við það, að við uppgjör aflahlutar hafi stefndi rangfært tölulegar staðreyndir í þeim tilgangi að draga sér fé stefnanda. Stefndi hafi þannig greitt stefnanda lægri aflahlut en honum bar samkvæmt lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Þá segir í stefnu í frumsök, að samkvæmt lögum og kjarasamningum eigi stefnandi, sem var yfirmaður á skipi stefnda, rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Hann eigi rétt til greiðslu fullra launa í þrjá mánuði. Í stefn-

unni er krafist launa frá 1. janúar til 31. mars 1994, en stefnandi féll frá þeirri kröfu og krafðist launa í þrjá mánuði frá 9. desember 1993.

Stefnandi vísar til I.–II. kafla sjómannalaga nr. 35/1985, meginreglna vinnuréttar um greiðslu verkkaups og meginreglna samningaréttar um skyldu til að efna samninga auk laga nr. 30/1987 um orlof.

Í framhaldsstefnu vísar stefnandi til málsástæðna í frumstefnu. Í framhaldsstefnunni segir og, að sú háttsemi, sem stefndi hafi viðhaft, brjóti að mati stefnanda ótvírætt í bága við 247. gr. alm. hgl. Um leið og veiddur afli sé kominn um borð í fiskiskip, öðlist skipverjar hlutdeild í verðmæti hans, sbr. 1. gr. laga nr. 24/1986. Í þeirri lagagrein segi m. a.: „Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi, er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti, sem útgerðin fær fyrir hann.“ Skiptahlutfallið geti hins vegar tekið breytingum vegna breytinga á olíuverði, en jafnframt segi síðar í sömu lagagrein: „Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti.“ Af þessum skýru ákvæðum laga um skiptaverðmæti sé ljóst, að skipverjar öðlist eignarhlutdeild í veiddum afla, um leið og hann kemur inn fyrir borðstokk. Með því að hluti aflans hafi hreinlega verið dreginn undan hlutaskiptum, þ. e. a. s. hafi verið seldur á uppboðsmarkaði undir öðru nafni og verðmæti ekki greint í uppgjöri, hafi stefndi framið refsiverðan fjárdrátt. Svo sem fyrr segir, féll lögmaður stefnanda við aðalmeðferð frá þeirri málsástæðu, að um undanskot á afla hefði verið að ræða, en hélt því fram, að verðmæti hefði verið skotið undan.

Kröfu um vexti og vaxtavexti reisir stefnandi á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, krafa hans um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991 og krafna um virðisaukaskatt við lög nr. 50/1988.

Í greinargerð stefnda í frumsök segir, að af hans hálfu sé stuðst við grundvallarreglu vinnuréttarins um skyldur launþega gagnvart „atvinnuveitanda“, sérstaklega þá skyldu manna að starfa út uppsagnarfrest í þágu vinnuveitanda og koma á réttum tíma til starfa.

Um skiptaverðmæti vísar stefndi til laga nr. 24/1986, I. kafla.

Um uppsagnarfrest stýrimanna vitnar stefndi til 5. gr., sbr. 9. gr., 2. mgr., sjómannalaga nr. 35/1985.

Um skyldu skipverja til að koma á ákveðnum tíma í skiprúm og fjarveru hans er vísað til 59. gr. laga nr. 35/1985.

Í greinargerð stefnda í framhaldssök er því haldið fram, að útgerðin ráði því, hverjum hún selur aflann. Hún hafi selt aflann sjálfstæðu fyrirtæki og fengið fyrir hann umsamið verð. Af því verði sé aflahluturinn reiknaður.

Þá segir í greinargerð í framhaldssök, að 1. gr. laga nr. 24/1986 skyldi ekki

útgerðarmenn til að selja afla á fiskmarkaði. Þeir geti því selt hverjum, sem er, telji þeir, að raunvirði fáið fyrir.

Að öðru leyti vísar stefndi til málsástæðna og lagaraka í frumsök.

Skýrslur fyrir dómi.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu. Af hálfu stefnda gáfu aðilaskýrslur Karl Óskar Óskarsson, skipstjóri á Albert Ólafssyni, sonur stefnda, og Ingiber Óskarsson útgerðarmaður, einnig sonur stefnda, en hann annast bókhald útgerðar Alberts Ólafssonar og einnig Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar. Vitni báru Bjarni Steinar Hauksson, skipstjóri á Bjarna, KE-23, einnig Vilhjálmur Kjartan Jónsson yfirvélstjóri, Eðvald Björnsson sjómaður og Haraldur Birgir Hreggviðsson, en þessir þrír síðastnefndir höfðu allir verið skipverjar á Albert Ólafssyni.

Um forsendur og niðurstöður verður nú fjallað í þrennu lagi, sbr. lýsingu á málsatvikum og ágreiningi aðila hér að framan.

1. Krafa stefnanda um 37.460 kr. úr hendi stefnda.

Stefndi hefur viðurkennt þessa kröfu. Samkvæmt fram lagðri kvittun hefur hann geymslugreitt (deponerað) fjárhæðina í Landsbanka Íslands á Keflavíkurflugvelli 9. desember 1994 ásamt dráttarvöxtum til þess dags, samtals 44.915 kr. Kvittun fyrir geymslugreiðslunni er nr. 900009. Stefndi krefst sýknu.

Geymslugreiðslan er greidd eftir þingfestingu málsins. Samkvæmt 1. gr. laga um geymslufé nr. 9/1978 er það skilyrði fyrir því, að skuldari geti fullnægt greiðsluskyldu sinni með greiðslu geymslufjár (depositum), að hann fái ekki greitt kröfueiganda vegna aðstæðna eða atvika, sem kröfueigandi ber ábyrgð á. Því skilyrði er ekki til að dreifa í máli þessu. Ekkert er fram komið, sem bendir til, að stefnda hefði ekki verið í lófa lagið að greiða stefnanda eða lögmanni hans fjárhæð þessa. Á stefnandi rétt á því að fá um hana dóm, enda ber að taka til hennar tillit við ákvörðun málskostnaðar. Dómurinn fellst á kröfu stefnanda um dráttarvexti, að því er fjárhæð þessa varðar.

Í málflutningi hélt lögmaður stefnda því fram, að stefndi gæti ekki fengið geymslugreiðsluna greidda til baka. Ef hann yrði dæmdur til að greiða stefnanda fjárhæðina, þýddi það í raun tvígreiðslu af hendi stefnda. Á kvittunina fyrir geymslugreiðslunni er m. a. prentað: „Bankinn endurgreiðir skuldara ekki geymslufé (depositum) án ógildingardóms eða annarrar óvefengjanlegrar sönnunar um, að réttur kröfuhafa sé niður fallinn“, – sbr. einnig 3. og 4. gr. laga nr. 9/1978. Í þessum rituðu forsendum dóms þessa felst óvefengjanleg sönnun fyrir því, að stefndi eigi rétt til endurgreiðslu umrædds geymslufjár.

2. Krafa stefnanda um laun á uppsagnarfresti.

Af skýrslum fyrir dómi er þetta leitt í ljós:

Í byrjun janúar 1994 hófst sjómannaverkfall. Vegna þess fór Albert Ólafsson, HF-39, ekki á sjó. Í verkfallinu reri stefnandi lausaróðra á Bjarna, KE-23. Að kvöldi 14. janúar vissi Karl Óskar Óskarsson skipstjóri, að verkfallið væri að leysast með bráðabirgðalögum. Að morgni næsta dags fer hann að undirbúa sjóferð á Albert Ólafssyni. Skipið lét úr höfn kl. 22.30 að kvöldi þess dags. Fyrr um daginn, um hádegisbil, hringdi skipstjóri heim til stefnanda, og gaf eiginkona hins síðarnefnda honum þá upp símanúmerið um borð í Bjarna, KE, sem var staddur í um klukkutímasiglingu út af Garðskaga.

Samkvæmt skýrslu stefnanda kvaðst skipstjóri, Karl Óskar, í símtalinu vera að kanna, hvar skipverjar væru og hvort menn yrðu til taks um kvöldið, ef skipið léti þá úr höfn. Hann hefði ekki nefnt við sig brottfarartíma skipsins. Skipstjóri hefði sagst ætla að hafa við sig samband þá um kvöldið. Stefnandi kvaðst hafa sagt skipstjóra, að hann yrði örugglega kominn í land um kvöldmatarleytið og fyrr, ef þess væri óskað. Kvaðst hann hafa verið kominn að landi um kl. 16.30. Skipstjóri hefði ekki hringt til sín um kvöldið, og hefði hann þá haldið, að liðskönnun hans hefði ekki borið árangur. Daginn eftir kvaðst stefnandi hafa hringt um borð í Albert Ólafsson og talað við skipstjóra og þá spurt, hvers vegna hann hefði ekki verið boðaður til skips. Skipstjóri hefði svarað því til, að hann vildi ekki hafa hann um borð. Stefnandi bar, að skipstjóri hefði þá tekið fram, að sér yrðu greidd laun á uppsagnarfrestinum. Stefnandi kvaðst hafa beðið skipstjóra að staðfesta þetta við stefnda og Ingiber Óskarsson. Hinn síðarnefndi hefði staðfest þetta við sig daginn eftir.

Karl Óskar Óskarsson skipstjóri sagði í aðilaskýrslu sinni aðspurður, að hann hefði í símtalinu við stefnanda 15. janúar ekki látið hann vita, að Albert Ólafsson væri að fara á sjó, og hann hefði ekki gefið honum fyrirmæli um að koma til skips og ekki gefið upp brottfarartíma. Hann taldi þó, að í símtalinu hefðu falist óbein tilmæli um að koma til skips. Aðilinn Karl Óskar kannaðist við símtal stefnanda við sig 16. janúar. Hann kvaðst muna, að orð hefðu farið þeirra á milli um uppsagnarfrestinn. Hann væri ekki viss um, að hann hefði lofað stefnanda greiðslu á frestinum, en hann neitaði því ekki.

Aðilinn Ingiber Óskarsson kannaðist einnig við, að stefnandi hefði rætt við sig um laun í uppsagnarfresti eftir 15. janúar 1994. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa lofað stefnanda launum á frestinum, en hann kvaðst ekki heldur geta neitað því, að svo kynni að hafa verið.

Stefnanda voru greidd laun til janúarloka 1994, og bendir það til, að full-yrðing stefnanda um loforð um greiðslu af hálfu stefnda sé rétt.

Dóminum þykir fullljóst af framanrituðu, að stefnandi var fús til að koma til skips, og á því hefði ekki orðið neinn bagalegur dráttur fyrir stefnda, ef stefnandi hefði verið kvaddur til skips, en svo var ekki gert. Með vísan til 25. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, verður því að telja, að stefnandi eigi rétt til launa í uppsagnarfrestinum að svo miklu leyti sem þau hafa ekki verið greidd nú þegar, enda telur dómurinn sannað, að Karl Óskar Óskarsson og Ingiber Óskarsson hafi lofað stefnanda þessu.

Uppsögn stefnda á vinnusamningnum við stefnanda var ákvöð, og miðast réttaráhrif hennar við þann dag, er hún kom til stefnanda. Uppsagnarfresturinn tók því að líða 9. desember 1993.

Ekki er tölulegur ágreiningur við kröfufjárhæð stefnanda, 316.126 kr., og verður stefnanda dæmd hún. Rétt þykir að verða við kröfu stefnanda um dráttarvexti, að því er þessa fjárhæð varðar.

3. Krafa stefnanda vegna ætlaðs undanskots stefnda á aflaverðmæti.

Krafa þessi var sett fram í framhaldsstefnu. Stefnandi hélt því þar upphaflega fram, að bæði skorti á, að stefndi skilaði öllum afla skipsins Alberts Ólafssonar til hlutaskipta og einnig væri verðmæti aflans vantalið. Í framhaldsstefnunni var þó engin tilraun gerð til að greina á milli, hve mikill hluti kröfunnar stafaði af hvorri málsástæðu. Stefnandi lagði síðar fram dómskjal, þar sem hann gerði frekari grein fyrir kröfugerð sinni. Þar var þó ekki að finna neinar haldbærar útlistanir á heildarafla skipsins né heldur því aflamagni, sem fór í vinnslu hjá Fiskverkun Óskars Ingiberssonar, er af mætti draga ályktun um fyrri málsástæðuna. Við aðalmeðferð málsins féll stefnandi frá kröfum, sem byggðust á vantöldum afla.

Mjög skorti á skýran málatilbúnað af hálfu stefnanda. Telja dómendur þó, að unnt sé að leggja dóm á kröfu hans í þessum þætti máls, eins og hún nú liggur fyrir. Kröfugerð stefnanda er á því reist, að stefndi hafi selt hluta þess þorskafla, sem hann gerði upp við stefnanda, á verðinu 60 kr. pr. kg, á fiskmarkaði á hærra verði. Af hálfu stefnda var fyrir dóminum á það fallist, að þessi málavaxtalýsing væri rétt, og ekki er ágreiningur um tölulegan útreikning stefnanda, eins og hann liggur nú fyrir. Verður því miðað við þau atvik, sem hér var lýst, sbr. 45. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Í þessu máli telja dómendur, að hafa beri eftirfarandi í huga:

1. Útgerð skipsins Alberts Ólafssonar og Fiskverkun Óskars Ingiberssonar eru í eigu og rekstri sömu aðila. Samkvæmt firmaskrá er stefndi, Ósk-

ar Ingibersson, eigandi Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar. Eigendur Alberts Ólafssonar, HF-39, eru skv. fram lögðu afsali og skýrslum fyrir dómi stefndi, Óskar Ingibersson, og synir hans tveir, Karl Óskar og Ingiber. Í aðilaskýrslu Ingibers Óskarssonar fyrir dómnum kom fram, að hann annast bókhald fyrir bæði fyrirtækin. Hann upplýsti einnig, að móðir þeirra bræðra og eiginkona stefnda, Hrönn Torfadóttir, væri framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna. Af þessu er ljóst, að samningur sá um fiskkaup og fiskverð, sem hér er til umfjöllunar, var samningur gerður innan fjölskyldu.

2. Samningurinn var ekki borinn undir áhöfn skipsins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram í greinargerð í framhaldssök, að 1. gr. laga nr. 24/1986 skyldi ekki útgerðarmenn til að selja afla á fiskmarkaði. Þeir geti selt afla hverjum, sem er, telji þeir, að raunvirði fáiast fyrir.

Dómendur fallast á, að útgerðarmaður sé ekki skyldur að selja afla á fiskmarkaði. Þeir telja hins vegar, að 1. mgr. laga nr. 24/1986 reisi skordur við því, að hann geti ráðstafað afla að vild án samþykkis skipshafnar. Ef hann geri það, verði að gera þá kröfu, að raunvirði fáiast fyrir aflann, svo sem stefndi virðist aðhyllast í greinargerð sinni.

Það er álit dómenda, að það þorskerð, sem útgerðin lagði til grundvallar skiptum, hafi, eins og mál þetta er vaxið, ekki verið raunverð, og sé því krafa stefnanda í þessum þætti málsins réttmæt. Verður stefnanda dæmd sú fjárhæð, sem hann krefst, 117.670 kr. Rétt þykir að taka og til greina kröfu hans um vexti af þessari fjárhæð.

Málkostnaður.

Samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 er rétt, að stefnanda sé dæmdur málkostnaður úr hendi stefnda. Stefnandi krefst málkostnaðar samkvæmt reikningi. Sá reikningur var ekki lagður fram sem dómskjal, en sýndur í réttinum og afhentur dómendum. Heildarfjárhæð hans er 649.354 kr.

Í frumsök var stefnukrafan upphaflega 694.080 kr. Ekki var viðhlítandi sundurliðun á þeirri fjárhæð í stefnunni sjálfri, en í meðfylgjandi skjölum var fjárhæðin liðuð sundur í sex liði. Undir rekstri málsins féll stefnandi frá þremur af þessum liðum og lækkaði höfuðstól stefnukröfunnar þannig niður í 365.732 kr.

Stefnukrafa í framhaldssök var upphaflega 319.801 kr. Hún var ekki fremur en í frumsök sundurliðuð í framhaldsstefnunni sjálfri, heldur gerði stefnandi það í þremur meðfylgjandi dómskjölum. Undir rekstri málsins féll hann frá kröfu skv. einu þessara skjala og að litlum hluta frá kröfu samkv. öðru skjali, og að lokum féll hann, svo sem áður er frá greint, frá kröfu

vegna ætlaðs undanskots stefnda á aflamagni. Eftir stóð þá í framhaldssök krafa, að fjárhæð 182.837 kr.

Samkvæmt þessu voru stefnukröfur í frumsök og framhaldssök upphaflega samtals 1.013.881 kr., en stefnandi hafði lækkað þær niður í 548.569 kr. Í þessu horfi voru fjárkröfur stefnanda á hendur stefnda, þegar málið var tekið til dóms 2. júní 1995. Eftir að málið var tekið fyrir að nýju, lækkaði stefnandi enn kröfu sína í aflaverðmætispættinum og nú niður í 117.670 kr. og þá stefnukröfur samtals í 471.256 kr.

Málatilbúnaður stefnanda var ekki svo glöggur sem ætlast verður til samkvæmt 80. gr. laga nr. 91/1991, þótt hann yrði að lokum nægjanlega glöggur, til þess að leggja mætti efnisdóm á málið. Skjalaöflun málsaðila, varnir stefnda og allt umfang málsins hefur orðið mun meira en þörf var á. Til þessa ber að taka tillit við ákvörðun málskostnaðar, en þó einnig hins, að stefnandi hefur átt upplýsingaöflun í málinu að nokkru undir stefnda.

Að þessu athuguðu þykir dómendum rétt, að stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað.

Dóm þennan kveða upp Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari, dómsformaður, og meðdómendurnir Einar S. Hálfðánarson, héraðsdómslögmaður og löggiltur endurskoðandi, og Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Óskar Ingibersson, greiði stefnanda, Erni Hólm, 471.256 kr. með dráttarvöxtum af 37.460 kr. frá 14. september 1993 til 1. apríl 1994, en af 471.256 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 100.000 kr. í málskostnað auk virðisauka-skatts.